

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

3. fundur, föstudaginn 16. nóvember 2007, klukkan 9.30
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Ellý Katrín Guðmundsdóttir og Þorkell Helgason boðuðu forföll.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Hreinn Hrafnkelsson. Ingibjörg Halldórsdóttir boðaði forföll.

Gestir á fundinum: Hákon Aðalsteinsson, Orkustofnun, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, Kristján Jónasson, jarðfræðingur, Náttúrufræðistofnun og Ásrún Elmarsdóttir, líffræðingur, Náttúrufræðistofnun.

1. Verksamningar við Náttúrufræðistofnun

Jón Gunnar Ottósson forstjóri Náttúrufræðistofnunar og tveir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Kristján Jónasson, jarðfræðingur og Ásrún Elmarsdóttir, líffræðingur fóru yfir stöðu þeirra verkefna sem stofnunin er að vinna að á grundvelli samninga við fyrri verkefnisstjórn rammaáætlunar. Samningunum var dreift til verkefnisstjórnar á fundinum og einnig sendir með tölvupósti sama dag. Glærur Kristjáns um jarðminjar á háhitasvæðum og glærur Ásrúnar um lífríki háhitasvæða fylgja með fundargerðinni.

2. Fjármálastaða rammaáætlunar og fyrirliggjandi samningar

Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun fór yfir fjármálastöðu rammaáætlunar og fyrirliggjandi samninga. Glærur frá kynningu Hákons fylgja með fundargerðinni.

3. Framhald vinnunnar

a) Kynningarmál:

Samþykkt var að sækja um lénin www.rammaaaetlun.is og www.rammaáætlun.is fyrir heimasíðu verkefnisstjórnar.

b) Fundir með hagsmunaaðilum

c) Önnur mál

4. Næsti fundur

Næsti fundur verður í Þjóðmenningarhúsi, föstudaginn 14. desember, klukkan 9.00.

Fundi slitið klukkan 12.00.